

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 104/2002

frá 12. júlí 2002

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjó nusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2002 frá 25. júní 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/175/EB frá 22. febrúar 2002 um breytingu á tilmælum 98/195/EB eins og þeim var síðast breytt með tilmælum 2000/263/EB um samtengingu á frjálsum fjarskiptamarkaði (1. hluti — Verðlagning samtengingar) ⁽²⁾ skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 26g (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/195/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„- **32002 H 0175:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/175/EB frá 22. febrúar 2002 (Stjtíð. EB L 58, 28.2.2002, bls. 56).“

2. gr.

Texti tilmæla 2002/175/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 266, 3.10.2002, bls. 54 og EES-viðbæti við Stjtíð. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 58, 28.2.2002, bls. 56.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júlí 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Gunnar Snorri Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.